

Háskólar og hagnýting þekkingar

Erindi Jóns Atla Benediktssonar, aðstoðarrektors vísinda og kennslu, við opnun Tækni- og hugverkaþings 2011 „Nýsköpun - uppspretta verðmæta“

Haldið í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð, föstudaginn 7. október 2011

Góðir gestir,

Fyrir hönd Háskóla Íslands býð ég ykkur

velkomin á Tækni- og hugverkaþing.

Í ár fagnar Háskóli Íslands þeim merku

tímamótum að 100 ár eru liðin frá því að skólinn

var stofnaður á Alþingi. Það sem af er árinu hefur

þessara tímamóta verið minnst með fjölbreyttri

dagskrá sem nærhámarki með hátíðarmálþingi í

Háskólabíói í dag og með hátíðarsamkomu í

Hörpu á morgun. Það er mikill heiður fyrir

Háskóla Íslands að Samtök iðnaðarins skuli halda

Tækni- og hugverkaþing sitt í húsakynnum

skólans á þessum tímamótum og vil ég þakka

kærlega fyrir það. Yfirskrift þingsins er

„Nýsköpun - uppspretta verðmæta“ og er því ekki úr vegi að víkja í fáum orðum að því hvernig háskólar geta með markvissum hætti stuðlað að nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Nýsköpun á vettvangi háskóla er venjulega skilgreind sem yfirfærsla þekkingar er byggir á rannsóknum og felur í sér útfærslu eða þróun vöru, þjónustu, ferla eða aðferða í því skyni að skapa verðmæti.

Þetta hljómar afar einfalt en leiðin að verðmætasköpun, sem metin er í fjölda nýrra starfa, getur eins og við vitum verið býsna löng og torsótt.

Í rannsóknastarfi háskóla eru fólgin margvísleg verðmæti. Rannsóknirnar gefa af sér nýja þekkingu sem er drifkraftur framfara í nútíma samfélagi. Framþróun rannsókna grundvallast á

sköpun þekkingar sem er komið á framfæri við
aðra þátttakendur í vísindasamfélaginu í
samræmi við þær leikreglur sem þar gilda.

Margir vísindamenn láta þar við sitja, en sífellt
fleiri taka sem betur fer næsta skref og leitast við
að hagnýta rannsóknaniðurstöður sínar í því
skyni að skapa bein efnisleg verðmæti. Hér
gegna háskólarnir mikilvægu hlutverki.

Áherslur Háskóla Íslands á nýsköpun og
grunnrannsóknir fara vel saman enda eru öflugar
grunnrannsóknir sem standast strangar
alþjóðlegar gæðakröfur ein lykilforsenda
nýsköpunar.

Háskóli Íslands hefur nýlega markað sér stefnu
fyrir árin 2011 – 2016. Í stefnunni er lögð rík
áhersla á rannsóknir og nýsköpun. Starfsmenn
eru með margvíslegum hætti hvattir til að

hagnýta rannsóknaniðurstöður sínar þegar það á við.

Svo tekin séu fáein dæmi úr hinni nýju stefnu

Háskóla Íslands þá hyggst skólinn á næstu árum:

- Í fyrsta lagi halda áfram að leita með skipulegum hætti að hagnýtanlegum verkefnum,
- Í öðru lagi flétta gildi nýsköpunar inn í grunn- og framhaldsnám á öllum fræðasviðum,
- Í þriðja lagi efla stoðkerfi nýsköpunar enn frekar, m.a. með samstarfi við aðila utan skólans sem vinna að hliðstæðum markmiðum, og
- Í fjórða lagi auka umfjöllun sína og kynningarstarf í tengslum við nýsköpun, frumkvöðla- og þróunarstarf.

Með þessum aðgerðum ætlar háskólinn á næstu

árum að fjölga sprotafyrirtækjum sínum,

einkaleyfisumsóknum og samningum við
fyrirtæki um hagnýtingu.

Í tengslum við Háskóla Íslands hafa undanfarin
ár verið stofnuð fjölmörg sprotafyrirtæki. Nefna
má jafn ólík dæmi eins og Marel, Tern Systems,
Lipid Pharmaceuticals, Aktheila, Bio-Gels
Pharmaceuticals, Oxymap, Tunerific, Icelandic
Online, Hvalreka, Risk Medical Solutions og
Saga Medica, svo fáein fyrirtæki séu nefnd.

Þá hefur verið sérstaklega ánægjulegt fyrir
Háskóla Íslands að taka þátt í uppbyggingu
frumkvöðlasetursins Innovit sem staðsett er í
Tæknigarði, en því hefur á örfáum árum tekist að
virkja nýsköpunarkraft á meðal stúdenta og ungra
vísindamanna með mjög góðum árangri. Innovit
er gott dæmi um öflugan samstarfsvettvang
háskólannaHÍ og HR, Samtaka iðnaðarins og
Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Árangurinn
hefur ekki látið á sér standa.

Á bak við árangur Innovit stendur harðsnúinn hópur ungra eldhuga sem unnið hafa fórnfúst starf í þágu nýsköpunar. Velta sprotafyrirtækja sem rekja má til Innovit stefnir í 1,1 milljarð króna á þessu ári og sprotafyrirtæki Innovit hafa skapað 168 ný störf.

Skipuleg leit að hagnýtanlegum hugmyndum innan háskólans fer m.a. fram í gegnum veitingu Gulleggsins hjá Innovit en auk þess starfrækir háskólinn sjálfur sérstaka hagnýtingarsamkeppni og eru úrslit kynnt árlega á Nýsköpunarmessu háskólans. Nýsköpunarmessan verður næst haldinn í nóvember næstkomandi og er ráðgert að hún verði sérstaklega vegleg að þessu sinni í tilefni af aldarafmælinu. Gulleggið og Hagnýtingarverðlaun háskólans hafa skilað okkur

fjölmörgum árangursríkum sprotafyrirtækjum,
sem standa undir hundruðum nýrra starfa.

Góðir fundarmenn, það er háskólanum kappsmál
að taka virkan þátt í atvinnuuppbyggingu í
íslensku samfélagi með nýsköpun í krafti nýrrar
þekkingar sem grundvallast á öflugri og
fjölbreyttri rannsóknastarfsemi skólans. Ég óska
ykkur árangursríks tækni- og hugverkafnings.